



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg
Anton Kári Halldórsson
Skipulagsfulltrúi
Austurvegi 67
800 Selfoss

Reykjavík 9. júní 2021
MÍ202106-0042/ 6.09 / K.M.

Efni: Vöttur og Vöttur II í Sveitarfélaginu Árborg. Deiliskipulag.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar frá 21. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vött og Vött II.

Lóðirnar Vöttur og Vöttur II eru teknar úr jörðinni Votmúla 1. Vöttur er 30.268 m² og Vöttur II er 12.738 m². Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tvenns konar húsnæði á lóðunum, íbúðarhúsnæði og húsnæði því tengdu og svo húsnæði fyrir starfsemi tengda landbúnaði.

Í greinargerð með tillögunni segir að ekki sé vitað um skráðar fornleifar innan svæðisins. Árið 2018 kom út skýrsla Náttúrustofu Vestfjarða, *Fornleifaskráning í landi Votmúla 2 og Austurkots vegna breytinga á deiliskipulagi*. Í syðsta horni skipulagssvæðisins, innan lóðar Vattar, eru skráðar heimildir um tvær fornleifar, Engjaveg [166214-018] og Álftaflóðavörðu [166214-019]. Engin ummerki sjást lengur á svæðinu, hvorki um veginn né vörðuna.


Minjastofnun veitti umsögn um sömu skipulagstillögu með bréfi til sveitarfélagsins dags. 14.07.2020. Þar kom fram að starfsmaður Minjastofnunar skoðaði svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar um fornleifar fundust innan þess.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi fyrir Vött og Vött II í Sveitarfélaginu Árborg eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 17.03.2021. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi (antonkh@arborg.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)